

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Skógræktaráform á Ósi í Saurbæ-landnúmer 137879.

Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012 (reglugerð um framkvæmdaleyfi) skulu sveitarstjórnir ákvarða hvort skógrækt þurfi framkvæmdaleyfi.

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir m.a.

Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Leyfissveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Meðfylgjandi er afstöðumynd sem sýnir útlínur svæðisins þar sem unnið er að samningi á milli Skógræktarinnar og Kristjóns Sigurðssonar um skógrækt á Ósi. Skógræktin telur fyrirhugaðar skógræktarframkvæmdir samræmast í öllu ákvæðum í aðalskipulagi Dalabyggðar, enda á landbúnaðarsvæði.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga:

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Fornminjar:

Engar fornminjar eru á svæðinu.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:

Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

Útlitshönnun:

Við hönnun skógarins verður þess gætt að skógurinn falli sem best að landslagi, jaðrar skógræktarsvæðisins verða hannaðir sérstaklega með ásýnd skógarins í huga og umferð gangandi manna verður ekki heft meðfram vatnsföllum.

Almennt:

Fyrirhugað skógræktarsvæði á Ósi er 10 hektarar á stærð, meðfylgjandi loftmynd sýnir legu þess og útlínur. Framkvæmdir við skógrækt munu ekki hefjast fyrr en fyrir liggur afstaða sveitarstjórnar til þess hvort landeigendur þurfi framkvæmdaleyfi. Verði úrskurður sveitarstjórnar á þann veg að framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld, er það á kostnað og ábyrgð skógarbænda að sækja um framkvæmdarleyfi.

Eigendur jarðarinnar Óss óska hér með svara sveitarstjórnar við því hvort heimilt sé að hefja framkvæmdir við skógrækt á jörðinni. Vísað er til samþykktar frá 87. fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar frá 9. nóvember 2018 um þessi áform:

2. 1811006 - Aðalskipulag - drög - Ós

Nefndin telur að um sé að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi, sem hefur ekki verulegar breytingar á landnotkun í för mér sér, hefur ekki áhrif á stórt svæði, né hafi mikil áhrif á einstaka aðila. Nefndin samþykkir erindið í samræmi við 2. málsgrein 36. greinar skipulagslaga.

Virðingarfyllt

Kristjón Sigurðsson